

Haustsýning FÍM á Kjarvalsstöðum

Hautsýning FÍM opnar að Kjarvalsstöðum á morgun laugardag, 27. sept. kl. 15. Ekki eru þeir FÍM menn klárir á því, hversu gamlar uppá ár haustsýningarnar eru, en það var byrjað á stríðsárunum, segja þeir, og haustsýningar FÍM hafa verið flest árin síðan.

NÝJABRAGÐIÐ

Sýningin nú verður með nýju sniði, þannig að gestir hennar verða fimm og þeir mynda kjarna nú í sýningunni. Þessir gestir eru Ásgerður Búadóttir, Guðmundur Benediktsson, Leifur Breiðfjörð, Valtýr Pétursson og Þórður Hall.

Formaður sýninganefndar, Örn Þorsteinsson, sagði að annars væri hverjum og einum frjálst (líka utanfélagsmönnum FÍM) að senda myndir til sýningarinnar sem dómnefnd veldi síðan úr.

LÍKA PÓSTKORT

Sýningin er fjölbreytt mjög; málverk, teikningar, vatnslitamyndir, glermyndir, vefnaður, myndir unnar í leir, pastelmyndir, höggmyndir o.fl.

Og í tilefni nýja bragðsins á haustsýningu FÍM, hefur félagið látið prenta fimm póstkort af verkum gestanna og verða þau seld á sýningunni, ennfremur póstkort af verkum Sigurjóns Ólafssonar, sem FÍM lét vinna í sumar.

— Er eitthvað skemmtilegt sem FÍM menn vilja segja að lokum?

— Nei, okkur vantar Valtý.




FÍM menn og þrír af kjarnanum sitjandi, Leifur, Ásgerður og Þórður.

Ljósm. Ól. K.M.

Við minnum á vetrar-skoðunina

eigendur SKODA og ALFA ROMEO

Auk mælingar á 28 gangstigum vélarinnar með fullkomnum mælingartækjum er vélarpvottur, vélarstilling, ljósastilling og athugun á 26 öðrum atriðum bifreiðarinnar innifalið í skoðuninni, sem er seld á föstu gjaldi, kr.38.000 með söluskatti og gildir fram til 1. desember n.k.



Markús Úlfsson, móttökustjóri þjónustudeildar, tekur við bókunum og veitir allar frekari upplýsingar um vetrarskoðunina.

Með fullkomnum rafeindamælitækjum sem tengd eru við vélina og rafkerfi hennar má mæla öll gangstig af mikilli nákvæmni.

Auk þess sem „Vetrarskoðunin“ ætti að fyrirbyggja alls kyns hugsanleg óþægindi sem óneitanlega fylgja vetrarakstri, er ástæða til að vekja athygli bifreiðaeigenda á þeim bensínsparnaði sem rétt stillt vél hefur í för með sér. Vanstillt vél getur hæglega kostað eigandann tugþúsundir króna í óþarfan bensínkostnað á tiltölulega skömmum tíma.



Þá FÍM menn vantaði Valtý í eigin persónu, en áttu hann í þessari útgáfu. Þorp 1978 e. Valtý Pétursson.

Þakkir til Gísla í Ási

Við undirritaðar sendum Gísla Sigurbjörnssyni, forstjóra og frú, ásamt starfsfólki þeirra, hjartanlegustu þakkir fyrir sæluviku svokölluðu, þ.e. höfðinglegt boð á einu af hinum myndarlegu Ás-heimilum í Hveragerði.

Megi Guð og lukkan fylgja starfsemi Gísla Sigurbjörnssonar framvegis, sem hingað til.

Margrét Jóhannesdóttir,
Randí Þórarinsdóttir
Rósa Guðmundsdóttir
Sigurlaug Helgadóttir
Snjófríður Jónsdóttir
Svava Schiöth

Svíi í FÍM-salnum

LARS Hovsjö opnar á morgun sýningu í FÍM-salnum að Laugarnesvegi 112. Hann er Svíi, og hefur fengist mikið við skreytingar opinberra bygginga. Hann hefur haldið fjölda einkasýninga í heimalandi sínu, og á öðrum norðurlöndum, og var formaður Norræna myndlistar-

bandalagsins um árabíl.

Á sýningu Lars Hovsjö í FÍM-salnum verða teikningar af stórum veggskreytingum hans, vatnslitamyndir, grafík og nokkur veggteppi. Sýningin stendur til 12. okt. og verður opin virka daga frá kl. 17–22 og 14–22 um helgar.

JÖFUR HF.



AUÐBREKKU 44-46 - KÓPAVOGI - SÍMI 42600